

Nd.

223. Frumvarp til laga

[127. mál]

um breyting á lögum nr. 4 frá 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Halldór E. Sigurðsson,
Ingvar Gíslason.

1. gr.

23. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 23. gr. efnahagslaganna frá 1960 (viðreisnarlaganna svonefndu) er ákveðið, að óheimilt sé að ákveða í samningum launþega og atvinnurekenda, að kaup, þóknun eða ákvæðisvinnutaxti eða nokkurt annað endurgjald fyrir unnin störf skuli fylgja breytingum vísitölu á einn eða annan hátt. Þetta bannákvæði var sett í þeirri trú, að niðurfelling verðlagsuppbóta samkvæmt vísitölu mundi draga úr kapphlaupi milli verðlags og kaupgjalds. Fjögurra ára reynsla hefur nú leitt í ljós, að þessi trú var röng. Aldrei hefur kapphlaupið milli verðlags og kaupgjalds verið meira en síðan þetta bann var lögleitt. Kaupdeilur hafa jafnframt orðið fleiri og meiri og verkföll tíðari en áður. Þetta stafar eðlilega af því, að með niðurfellingu verðlagsuppbóta hafa valdhafarnir gerzt áhugaminni um að halda dýrtíðinni í skefjum, en launþegar hafa orðið að leita annarra úrræða, vinnufriðnum óheppilegri, til að bæta kjör sín.

Það er viðurkennt hagsmunamál jafnt launþega og atvinnurekenda, að kaupsamningar séu gerðir til langs tíma. Slíkir samningar eru hins vegar ólíklegir, nema launþegar fái kaup sitt verðtryggt í einu eða öðru formi. Það mundi jafnframt skapa valdhöfunum aðhald um að reyna að halda dýrtíðinni í skefjum. Ef ekki er horfið að þessu ráði, er fyrirsjáanlegt, að þjóðin mun búa áfram við stórvaxandi dýrtíð, ótryggan vinnufrið og tíð verkföll. Þess vegna er lagt til með þessu frv., að það bann, sem nú er í gildandi lögum gegn verðtryggingu launa, verði fellt niður og launþegum og atvinnurekendum gert frjálst að semja um þessi mál, eins og áður var.